

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/229*  
*komudagur. 20. 11. 2003*



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Félagsmálanefnd  
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2003.

**Efni: Tillaga til þingsál. um framkvæmtl. v/launajafnr. kynja (15. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Verslunarráð getur ekki tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð um að hið opinbera hafi afskipti af launakjörum þeirra sem kosið hafa að starfa á almennum markaði. Þá telur Verslunarráð að ef sannanlega er til launamisrétti felist lausn á þeim vanda ekki í framkvæmdaáætlunum ríkisstjórnar. Miklu frekar sé það hlutverk aðila vinnumarkaðarins. Í því sambandi þykir ráðinu rétt að benda á það að svo virðist sem að eftir að einstök verkalýðsfélög drógu úr beinum afskiptum af launamálum sinna félagsmanna séu þau í dag að ná árangri í hagsmunabaráttu fyrir hönd sinna félagsmanna, ekki síst í launamálum kynjanna.

Verslunarráð hefði talið eðlilegt að með ofangreindri þingsályktunartillögu hefði fylgt áætlun um kostnað af verkefninu. Verslunarráð hvetur ekki til þess að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Asthildur Andersen.

*Póstáritun:*  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: mottaka@chamber.is  
Website: www.chamber.is